

Fréttatilkynning

Reykjavík, 11. nóvember 2004.

Sláturfélag Suðurlands Afkoma fyrstu níu mánaða ársins 2004

Hagnaður samstæðu Sláturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til september 2004 var 5,2 milljónir, en 102,8 milljón króna hagnaður var af rekstri á þriðja ársfjórðungi. Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Sláturfélags Suðurlands svf., dótturfélagi Sláturfélagsins, SS Eignum ehf. og dótturfélagi þess, Reykjararði hf. Samanburðarfjárhæðir eiga eingöngu við rekstur Sláturfélags Suðurlands en á sama tímabili árið áður var 30,0 milljón króna tap hjá því. Eigið fé Sláturfélagsins er rúmar 1.176 milljónir og eiginfjárlutfall samstæðunnar er 32%. Lækkun eiginfjárlutfalls samstæðu milli ára skýrist af innkomu dótturfélaga í uppgjörið.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 3.102 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins 2004, en 2.398 milljónir á sama tíma árið áður. Velta samstæðunnar jókst því um 29%, og er aukningin að stórum hluta til kominn vegna innkomu dótturfélaga í samstæðuuppgjörið.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 2.886 milljónum á fyrstu níu mánuðum ársins 2004 samanborið við 2.238 milljónir árið áður og jukust um tæp 29%. Afskriftir rekstrarfjármuna voru 177 milljónir og aukast um 54%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 39 milljónir, en 45 milljónir króna árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 84 milljónir, en 36 milljónir árið áður. Breyting milli ára skýrist fyrst og fremst af innkomu dótturfélaga í uppgjörið. Seld var hlutabréfaeign í Íslenskum Markaði hf. og í Gripið og greitt hf., og nam söluhagnaður vegna þess 53 milljónum króna. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga var neikvæð um tæpar 4 milljónir en árið áður um 35 milljónir. Hagnaður af rekstri tímabilsins var 5,2 milljónir en 30,0 milljón króna tap á sama tíma árið áður.

Veltufé frá rekstri var 150 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins 2004, samanborið við 141 milljón frá rekstri fyrir sama tímabil árið 2003.

Í lok september 2004 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands 3.652 milljónir og höfðu hækkað um 807 milljónir frá áramótum. Skammtímaskuldir voru 585 milljónir, langtímaskuldir 1.891 milljón og eigið fé 1.176 milljónir. Veltufjárlutfall var 1,9 í lok september 2004, en 1,7 árið áður.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 130 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins. Keypt voru hlutabréf í Hollu og Góðu ehf. og Guldfoss A/S að fjárhæð 31 milljón og seld hlutabréf fyrir 92 milljónir.

Árshlutauppgjörið er með könnunaráritun endurskoðenda sem og árið áður. Árshlutareikningurinn er nú samstæða Sláturfélags Suðurlands svf. og gerður samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum.

Sláturfélag Suðurlands svf.

Lykiltölur - Kennitölur í september 2004 eru reiknaðar út frá samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. en kennitölur frá árinu 2003 og fyrr eiga eingöngu við Sláturfélag Suðurlands svf.

Rekstur	Samstæða					
	2004	2003	2003	2002	2001	2000
Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.	jan-sep	jan-sep				
Rekstrartekjur.....	3.101,7	2.398,3	3.496,0	3.708,8	3.468,2	3.097,5
Rekstrargjöld án afskrifta.....	2.885,5	2.238,3	3.286,3	3.488,9	3.251,6	2.794,3
Afskriftir.....	176,8	115,1	154,8	154,4	147,0	136,1
Rekstrarhagnaður (tap).....	39,4	44,9	54,9	65,5	69,6	167,1
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(83,6)	(36,4)	(32,4)	6,1	(124,3)	(68,2)
Söluhagnaður af hlutabréfum.....	52,7					
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага.....	(3,7)	(34,9)	(57,4)	(45,0)	1,9	1,4
Hagn. (tap) fyrir skatta.....	4,7	(26,4)	(34,9)	26,6	(52,8)	100,3
Tekju- og eignarskattur.....	0,5	(3,6)	(2,6)	(7,6)	(5,8)	(9,8)
Hagnaður (tap) tímabilsins.....	5,2	(30,0)	(37,5)	19,0	(58,6)	90,5
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri	150,1	140,5	189,0	171,3	159,7	269,5

Efnahagur	30.09.04	30.09.03	2003	2002	2001	2000
Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.						
Fastafjármunir.....	2.533,0	1.772,8	1.775,3	1.804,2	1.764,9	1.586,0
Veltufjármunir.....	1.118,5	832,6	1.069,4	1.127,6	1.159,8	935,0
Eignir samtals.....	3.651,5	2.605,4	2.844,7	2.931,8	2.924,7	2.521,0
Eigið fé.....	1.176,2	1.188,4	1.189,8	1.216,7	1.184,6	1.179,8
Par af A og B-deild stofnsjóðs.....	390,3	410,3	409,1	411,2	419,3	410,6
Langtímaskuldir.....	1.890,7	918,4	906,8	864,3	845,5	867,7
Skammtímaskuldir.....	584,6	498,6	748,1	850,8	894,6	473,5
Skuldir samtals.....	2.475,3	1.417,0	1.654,9	1.715,1	1.740,1	1.341,2

Kennitölur

Hagn. (tap) sem hlutfall af rekstrartekjum.....	0,2%	(1,3%)	(1,1%)	0,5%	(1,7%)	2,9%
Veltufjárhlutfall.....	1,9	1,7	1,4	1,3	1,3	2,0
Eiginfjárhlutfall.....	32%	46%	42%	42%	41%	47%
Innra virði.....	3,0	2,9	2,9	3,0	2,8	2,9
Arðsemi eigin fjár.....	1%	(3%)	(3%)	2%	(5%)	8%

Horfur

Afkoma Sláturfélagsins batnar milli ára, en slök afkoma dótturfélaga hefur neikvæð áhrif á uppgjör samstæðunnar á tímabilinu.

Afkoma Sláturfélagsins hefur jafnan verið þyngst framan af árinu en betri seinni hluta ársins. Þetta stafar m.a. af afkomu afurðadeildar en umsvif hennar aukast við haustslátrun sauðfjár. Við fækkun sláturhúsa hefur náðst betri afkoma úr afurðastarfsemi félagsins.

Eftir mikið umrót á kjötmarkaðnum er hann nú farinn að færast hægt í átt að auknu jafnvægi sem á að leiða til betri afkomu í rekstri félagsins.

Nánari upplýsingar veitir Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000
Reykjavík, 11. nóvember 2004
Sláturfélag Suðurlands svf.